

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Ný orðskýring bætist við í I. kafla aftan við orðskýringuna Ferill:

Fis (microlight) er loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og hefur ofrishaða í lendingarham (VSO) að hámarki 35 hnúta (65 km/klst) sýndan hraða leiðréttan (CAS) og hámarksflugtaksmassa sem er ekki hærri en

300 kg fyrir landfis (landplane) með einu sæti, eða

450 kg fyrir landfis með tveimur sætum, eða

330 kg fyrir láðs og lagar fis (amphibian) eða fis á flotum (floatplane) með einu sæti, eða

495 kg fyrir láðs og lagarfis eða fis á flotum með tveimur sætum að því tilskyldu að hægt sé að nota fysið bæði sem fis á flotum og sem landfis þannig að það sé innan marka beggja flokka hvað varðar hámarksflugtaksmassa, eins og við á.

Hreyfillaust loftfar sem er léttara en 70 kg telst til fisa án hreyfils. Hreyfilknúíð loftfar sem er léttara en 70 kg og flugtak er af fæti telst til fisa án hreyfils. Fallhlífar (parachutes) teljast ekki til fisa.

2. gr.

Nýr viðauki bætist aftan við viðauka 4:

Viðauki 5.

FIS

1. Flokkun fisa.

1.1. Fis

1.2. Fis flokkast í hreyfilknúin fis og fis án hreyfils.

2. Almennar flugreglur.

2.1. Eigi má fljúga fisum í flugstjórnarrými nema að fengnu leyfi hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar. Sækja skal um slíkt leyfi með a.m.k. 24 klst. fyrirvara. Heimilt er að skilyrða slík leyfi við að fis sé útbúið tilteknum útbúnaði í flugstjórnarrými. Eigi er heimilt að fljúga fisum innan 5 mílna radíuss flugvalla með lágmarksflugvallarþjónustu nema að höfðu samráði við flugvallarvörð eða radíómann. Um skiptingu loftrýmisins sjá töflu 3-1 í III. kafla.

2.2. Eigi má heldur fljúga fisi á bannsvæðum eða yfir og á stöðum sem lúta sérstökum takmörkunum, tímabundnum eða varanlegum án leyfis hlutaðeigandi yfirvalda.

2.3. Eigi er heimilt að fljúga fisum yfir þéttbýl svæði borga, bæja eða sumarhúsabyggð eða yfir svæði þar sem mikill mannfjöldi er saman kominn.

2.4. Fisi má einungis fljúga þannig að sjáist til jarðar.

2.5. Ekki skal fljúga fisi þannig að mönnum eða verðmætum geti stafað hættu af.

2.6. Ekki má varpa eða dreifa hlutum úr fisi ef það getur valdið hættu fyrir menn eða verðmæti utan þess.

Físi má einungis fljúga á tímabilinu frá sólaruppkomu til sólarlags (sólarmiðja 6 gráður fyrir neðan sjóndeildarhring).

3. Umferðarréttur.

- 3.1. Stjórnandi físs skal gefa stöðugan gaum að annarri flugumferð og skal veita öllum öðrum loftförum forgang.
- 3.2. Físi skal ekki flogið þannig að af því geti stafað árekstrarhætta við önnur loftför. Hreyfílknúin fíis skulu veita forgang físum án hreyfíls.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 145. gr., sbr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.